



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 26/2023

## Brot Nýju Vínbúðarinnar gegn ákvörðun Neytendastofu

### I.

#### Málsmeðferð

##### 1.

Með bréfi Neytendastofu, dags. 26. apríl 2023, vísaði stofnunin til ákvörðunar stofnunarinnar nr. 1/2023, *Viðskiptahættir Nýju Vínbúðarinnar*, dags. 3. febrúar 2023. Þá var og vísað til ákvörðunarorða ákvörðunar Neytendastofu sem voru eftirfarandi:

*„55 Mayfair Online ltd., 57 Berkeley Square, London, Englandi, rekstraradili Nýju Vínbúðarinnar, hefur með kynningu um lækkað verð, án þess að hafa sýnt fram á að um raunverulega verðlækkun sé að ræða, brotið gegn ákvæðum 1. mgr. 8. gr., d. liðar 1. mgr. 9. gr. og 11. gr., sbr. 5. gr., laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, og ákvæði 3. gr. reglna nr. 366/2008, um útsölur og aðra sölu þar sem selt er á lækkuðu verði.*

*55 Mayfair Online ltd. hefur með því að auglýsa takmarkað magn, án þess að tiltaka hvaða vörur sé um að ræða eða hve mikið magn sé í boði, brotið gegn ákvæðum 1. mgr. 8. gr., sbr. 5. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, ásamt ákvæði 8. gr. reglna nr. 366/2008, um útsölur og aðra sölu þar sem selt er á lækkuðu verði.*

*55 Mayfair Online ltd. hefur með birtingu fullyrðinga um „allt að 40% ódýrari“ brotið gegn ákvæðum 4. mgr. 6. gr., 1. mgr. 8. gr. d. liðar 1. mgr. 9. gr. og 14. gr., sbr. 5. gr., laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu.*

*Með vísan til 2. mgr. 21. gr. c. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, bannar Neytendastofa 55 Mayfair Online ltd. að viðhafa framangreinda viðskiptahætti. Bannið tekur gildi frá dagsetningu ákvörðunar þessarar.“*

Fram kom að stofnunin hefði orðið vör við að á vefsíðu Nýju Vínbúðarinnar væri enn að finna yfirstrikað verð við vörur sem boðnar væru til sölu á vefsíðunni og því teldi stofnunin ástæðu til að ætla að enn sé kynnt lækkað verð án þess að um raunverulega verðlækkun sé



að ræða. Þá væri enn að finna auglýsingu um „30% betra verð“ án nokkurra skýringa ásamt því að auglýst væri á Facebook takmarkað magn án skýringa eða nánari upplýsinga.

Vakti Neytendastofa athygli á að til skoðunar kæmi hvort beita þyrfti sektum samkvæmt IX. kafla laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu.

## 2.

Svar Nýju Vínbúðarinnar barst Neytendastofu með tölvubréfi sama dag, 26. apríl 2023. Í svarinu kom fram að það væri alveg skýrt að Nýja Vínbúðin væri að vísa í að verslunin væri í einhverjum tilfellum ódýrari en Vínbúðin og þegar talað væri um takmarkað magn þá þýddi það takmarkað magn. Þá benti félagið á að fyrirtækið sem ræki verslunina væri breskt og lyti breskri löggjöf en ekki íslenskri löggjöf.

## 3.

Með tölvubréfi Neytendastofu til Nýju Vínbúðarinnar, dags. 5. maí 2023, tiltók stofnunin, að því er varðaði tilvísun félagsins um að verð væri vissulega ódýrara í einhverjum tilfellum en í Vínbúðinni sem og umfjöllun um takmarkað magn, að ákvörðun Neytendastofu nr. 1/2023, hafi ekki verið kærð til áfrýjunarnefndar neytendamála og því standi niðurstaða ákvörðunarinnar. Niðurstaða ákvörðunarinnar varðandi framangreind atriði væri skýr. Að því er varði heimilisfesti félagsins og að það lúti breskri löggjöf þá kveði 1. mgr. 2. gr. laga nr. 57/2005 á um gildissvið laganna, en þar segi að þau taki til samninga, skilmála og athafna sem hafi eða er ætlað að hafa áhrif hér á landi. Þá sé í 1. mgr. 27. gr. laga nr. 16/2016, um neytendasamninga, mælt fyrir um að Neytendastofa annist eftirlit með lögunum og reglum settum á grundvelli þeirra. Þá gildi ákvæði laga um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu um málsmeðferð Neytendastofu.

Benti stofnunin á að samningar sem gerður eru, þ.m.t fjarsölusamningur um kaup á áfengi o.fl., og er ætlað að hafa áhrif hér á landi falli þ.a.l. undir gildissvið laganna og eftirlit Neytendastofu. Af málinu sé ljóst að fjarsölusamningar þeir sem gerðir séu við neytendur í gegnum vefsíðu félagsins séu framkvæmdir hér á landi enda sé félagið með innlandan lager þar sem neytendur geti sótt vörur sínar. Þá sé félagið að auki með íslenskt lén og upplýsingar á vefsíðu þess beint að íslenskum neytendum. Neytendastofa telji einnig að rétt sé að benda á að þeirri málsástæðu að félagið lúti ekki íslenskri löggjöf hafi ekki verið haldið fram af undir rekstri þess máls sem leitt hafi til fyrrgreindrar ákvörðunar Neytendastofu nr. 1/2023. Stofnunin telji þ.a.l. engum vafa undirorpið að ákvæði téðra laga gildi um samninga og markaðssetningu félagsins hér á landi.

Að lokum óskaði Neytendastofa eftir upplýsingum um hvort búast mætti við efnislegu svari við bréfi stofnunarinnar, dags. 26. apríl 2023. Svarfrestur rynni út þann 10. maí en að þeim tíma liðnum mætti búast við að stofnunin tæki formlega ákvörðun á grundvelli fyrirbyggjandi gagna. Sú ákvörðun gæti gæti m.a. falið í sér stjórnvaldssekt, dagssektir og eftir atvikum gæti stofnunin leitað lögbanns.



#### 4.

Með tölvubréfi Nýju Vínbúðarinnar til Neytendastofu, dags. 5. maí, komu fram athugasemdir er vörðuðu ekki efnisatriði málsins.

Neytendastofa ítrekaði erindi sitt með bréfi, dags. 15. júní 2023, þar sem efnislög svör hafi ekki borist. Í bréfinu var tekið fram að bærust ekki efnislegar skýringar eða athugasemdir mætti búast við að tekin yrði ákvörðun á grundvelli fyrirbyggjandi gagna. Vakin var athygli á sektarheimild stofnunarinnar á grunvelli IX. kafla laga nr. 57/2005.

## II.

### Niðurstaða

Mál þetta snýr að því hvort Nýja Vínbúðin hafi brotið gegn ákvörðun Neytendastofu nr. 1/2023. Með þeirri ákvörðun var háttsemi Nýju Vínbúðarinnar talin hafa veitt villandi upplýsingar um verð og annað verðhagræði og þær upplýsingar til þess fallnar að hinn almenni neytandi sem auglýsingarnar beinast að taki viðskiptaákvörðun sem hann myndi ekki annars hafa tekið. Um var að ræða brot gegn ákvæðum 1. mgr. 8. gr., d. liðar 1. mgr. 9. gr. og 11. gr., sbr. 5. gr., laga nr. 57/2005, ásamt ákvæði 3. gr. reglna nr. 366/2008, með því að tilgreina fyrra verð þrátt fyrir að vörur hafi aldrei verið seldar á því verði. Jafnframt var félagið talið hafa brotið gegn ákvæðum 1. mgr. 8. gr., sbr. 5. gr. laga nr. 57/2005, ásamt ákvæði 8. gr. reglna nr. 366/2008, með því að auglýsa vörur í takmörkuðu magni en tilgreina ekki hvaða vara/vörur voru boðnar til sölu í takmörkuðu magni og þá í hve miklu magni. Þá var félagið talið hafa brotið gegn ákvæðum 4. mgr. 6. gr., 1. mgr. 8. gr. d. liðar 1. mgr. 9. gr. og 14. gr., sbr. 5. gr., sömu laga, með birtingu fullyrðingarinnar „allt að 40% ódýrari“. Var Nýju Vínbúðinni bannað að viðhafa framangreinda viðskiptahætti með vísan til 2. mgr. 21. gr. c. laga nr. 57/2005.

Fram hefur komið að Neytendastofa hafi orðið vör við að á heimasíðu félagsins væri enn að finna yfirstrikað verð við vörur sem boðnar væru til sölu á vefsíðunni. Engar efnislegar skýringar hafa borist og ekki verið færðar sönnur fullyrðinguna. Þegar horft er til framangreinds, fyrri ákvörðunar Neytendastofu og þess að engar efnislegar skýringar voru lagðar fram af hálfu félagsins vegna málsins liggur því fyrir að Nýja Vínbúðin hefur ekki farið að ákvörðun Neytendastofu, nr. 1/2023, dags. 3. febrúar 2023, þar sem rekstraraðila vefsíðunnar var bannað að viðhafa framangreinda viðskiptahætti.

Samkvæmt a. lið 1. mgr. 22. gr. laga nr. 57/2005 getur Neytendastofa lagt stjórnvaldssektir á fyrirtæki sem brjóta gegn ákvæðum laganna og reglum settum samkvæmt þeim, sbr. II. – V. kafla laganna. Samkvæmt b. lið 1. mgr. 22. gr. laga nr. 57/2005 getur Neytendastofa lagt stjórnvaldssektir á fyrirtæki sem brjóta gegn stjórnvaldsreglum og ákvörðunum Neytendastofu gegn viðskiptaháttum sem brjóta í bága við ákvæði II.–VIII. kafla og fyrirmælum Neytendastofu. Með vísan til alls framangreinds, þess að um ítrekað brot er að ræða sem og að



teknu tilliti til umfangs brotanna, fyrri ákvarðana stofnunarinnar og jafnræðis- og meðalhófsreglu stjórnsýslulaga telur Neytendastofa hæfilegt að leggja á rekstraraðila Nýju Vínbúðarinnar stjórnvaldssekt að fjárhæð 750.000 kr. (sjö hundruð og fimmtíu þúsund krónur). Við skoðun á vefsíðunni er rekstraraðili tilgreindur 55 Mayfair Online ltd. í Bretlandi en samkvæmt gögnum sem stofnuninni hafa borist er seljandi af síðunni B Reykjavík ehf.

Að mati Neytendastofu er mikilvægt að beita þeim úrræðum sem lög nr. 57/2005 heimila til að tryggja eðlilega viðskiptahætti en Neytendastofu þykir sýnt með athafnaleysi Nýju Vínbúðarinnar að fyrirtækið muni ekki fara að ákvörðuninni. Með vísan til þessa telur Neytendastofa nauðsynlegt að beita viðurlögum samkvæmt 23. gr. laga nr. 57/2005 og þykir Neytendastofu hæfilegt að leggja á Nýju Vínbúðina dagsektir að fjárhæð 100.000 kr. (eitt hundruð þúsund krónur) á dag þar til farið hefur verið að ákvörðun Neytendastofu nr. 1/2023.

### III.

#### Ákvörðunarorð:

**„Nýja Vínbúðin hefur brotið gegn ákvörðun Neytendastofu nr. 1/2023.**

**Með heimild í a. og b. lið 1. mgr. 22. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, er rekstraraðila Nýju Vínbúðarinnar gert að greiða stjórnvaldssekt að fjárhæð 750.000 kr. (sjö hundruð og fimmtíu þúsund krónur) vegna brotanna. Sektina skal greiða í ríkissjóð innan þriggja mánaða frá dagsetningu ákvörðunarinnar**

**Rekstraraðili Nýju Vínbúðarinnar skal innan fjórtán daga frá dagsetningu ákvörðunar þessarar gera viðeigandi breytingar á markaðsefni sínu og upplýsingum á vefsíðu, sbr. ákvörðun Neytendastofu nr. 1/2023. Verði það ekki gert innan tilskilins tíma skal rekstraraðili Nýju Vínbúðarinnar greiða í ríkissjóð 100.000 kr. (eitt hundruð þúsund krónur) á dag þar til farið hefur verið að ákvörðuninni.“**

Neytendastofa, 20. júlí 2023

Þórunn Anna Árnadóttir  
forstjóri

Matthildur Sveinsdóttur